




MÁL OG VOG

Mælieiningar fyrri alda

Björk Ingimundardóttir





ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

MÁL OG VOG

Mælieiningar fyrri alda

© Björk Ingimundardóttir og Þjóðskjalasafn Íslands 2025

Útgefandi:

Þjóðskjalasafn Íslands
www.skjalasafn.is

Ritstjórn og yfirlestur:

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir
Unnar Rafn Ingvarsson
Gísli Baldur Róbertsson

Ritstjórn ritraðar:

Brynhildur Ingvarsdóttir

Ljósmyndir:

Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn
Þjóðminjasafn Íslands
Þjóðskjalasafn Íslands

Hönnun / umbrot:

KRÍA hönnunarstofa / Þjóðskjalasafn Íslands

Prentun:

Litlaprent ehf.

Pappír:

Munken Polar 150g
Munken Polar 300g

Letur:

Bembo Regular & Bold
Brandon Regular & Bold

ISBN: 978-9979-876-37-3

MÁL OG VOG

Mælieiningar fyrri alda

Björk Ingimundardóttir



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Reykjavík 2025

Efnisyfirlit

Formáli	7
Inngangur	9
Lengdarmál	11
Rúmmál	15
Flatarmál	21
Vog	23
Verðreikningur	27
Fjöldatölur	31
Bókastærðir / pappírsform	33
Gjaldmiðlar og mynt	35
Heimildir	42

Formáli

Lengi hefur skort gagnlegt yfirlit eldri mælieininga sem notaðar voru hér á landi enda verið afar flókið að finna upplýsingar um þær. Þessu riti er ætlað að bæta úr þeirri þörf að nokkru leyti. Björk Ingimundardóttir, sagnfræðingur og fyrrverandi skjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands, hefur unnið að ritinu á síðustu árum samhliða vinnu við *Orðabelg – sögulegt hugtakasafn Þjóðskjalasafns Íslands* og hefur smám saman safnast í þennan sarp fróðleikur um ýmsar mælieiningar.

Samhliða þessari útgáfu eru skýringarnar birtar í *Orðabelg* á vef Þjóðskjalasafns og eru leitarbærar þar. Án efa munu koma fram ýmis orð sem þarfnast útskýringar og verður þeim jafnharðan bætt á vefinn, auk þess sem tákn fyrir einingar, sem eru algeng í gömlum skjölum, verða skýrð.

Björk Ingimundardóttir hefur unnið það eljuverk að taka saman þessar mikilvægu upplýsingar, skrifa skýringar og leiðbeina þar með um túlkun orða í fjölmörgum skjölum. Þetta mun verða fræðimönnum til mikils sporaléttis. Þökk sé henni fyrir góða vinnu.

Helgi Skúli Kjartansson og Pétur G. Kristjánsson lásu yfir ritið á fyrri stigum og komu með ýmsar gagnlegar ábendingar. Þeim er þakkað kærlega fyrir þeirra framlag. Ritnefnd hefur unnið með Björk að undirbúningi útgáfunnar og er þeim Brynhildi Ingvarsdóttur, Gísli Baldri Róbertssyni, Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur og Unnari Ingvarssyni þakkað fyrir vandaða og góða vinnu.

Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður



Inngangur

Fornt íslenskt mælingakerfi stóð að mestu óhaggað fram á 17. öld en þá tóku danskar mælieiningar að ryðja sér til rúms. Í tilskipun 16. desember 1619 um vöruverð í Íslandsverslun voru gefnar út reglur um vog og mál, sem skyldu miðuð við það, sem gildi í Kaupmannahöfn. (*Lovsamling for Island I*, bls. 184–187) Samræmdar mælieiningar voru lögleiddar í Danmörku með tilskipunum 1. maí 1683 og 10. janúar 1698. Þær voru ekki birtar á alþingi, ekki heldur tilskipun um verðlag og verslun frá 30. maí 1776, en hún var prentuð sérstaklega, bæði á dönsku og íslensku. Tilskipanirnar frá 1698 og 1776 má finna í *Lovsamling for Island*. (*Lovsamling for Island I*, bls. 530–541; *Lovsamling for Island IV*, bls. 314–353, íslenskur texti bls. 333–353)


Konungsúrskurður um að útvega skyldi löggild (jústeruð) mælitæki í hverja sýslu á Íslandi var gefinn út 23. febrúar árið 1784, og 18. júní sama ár kom tilskipun um vog og mál á Íslandi, sem þó var ekki birt á alþingi fyrr en árið 1786. (*Lovsamling for Island V*, bls. 10–11, 88–95; *Alþingisbækur Íslands XVI*, bls. 286–293) Í upphafi segir, að með tilskipuninni frá 1776 hafi verið lagðar niður þær mælieiningar, sem notaðar hafi verið á Íslandi, og um leið skipað að nota mælieiningar frá árinu 1698. Jafnframt var Íslendingum kynnt til eftirbreytni, hvað af tilskipuninni frá 1698 varðaði þá. Þetta var ítrekað í tilskipun um Íslandsverslun 13. júní 1787. (*Lovsamling for Island V*, bls. 444, sjá 16. grein) Þessi lög giltu að mestu leyti til ársins 1910. Raunar var ákveðið árið 1839, að í Danmörku væru 500 grömm í pundi, og árið 1861, að 1 pund deildist í 100 kvint og 1 kvint í 10 ort. Þær breytingar tóku gildi á Íslandi sumarið 1867. (*Lovsamling for Island XIX*, bls. 350–351) Íslensk lög um metramæli og vog [þunga] nr. 33/1907, 16. nóvember, gengu í gildi 1. janúar 1910 samkvæmt auglýsingu nr. 66/1909, 27. desember. Skyldi leiða mæli og vog af metrakerfi og tugakerfi ráða í skiptingu mælis og vogar. (*Stjórnartíðindi* 1907 A, bls. 198–203; *Stjórnartíðindi* 1909 A, bls. 320–321) Gömlu mælieiningarnar hafa raunar haldist í máli manna, þannig er t.d. enn (2025) talað um mjólkurpott, rjómapela og þriggja pela brennivínsflöskur, mælieiningarnar

fet og tommur hafðar um smíðavið og nagla, þó að allt slíkt muni líklega hverfandi.

Metrakerfi var tekið upp í Frakklandi árið 1795 og var tekið upp víðast í Evrópu á 19. öld, aðallega eftir 1850. Um 1880 var aðeins í Danmörku og Rússlandi óleyfilegt að nota metrakerfið. Raunar höfðu Danir reynt að klastra upp á mælikerfið frá 1683 með því að breyta ýmsum mælieiningum svo sem pundi, eins og fyrr hefur verið nefnt. Metrakerfið varð algilt í Danmörku árið 1910 eins og á Íslandi. (Poul Thestrup, *Pund og alen. Danske mål- og vægtenheder fra 1683-reformen til idag*. Rigsarkivet 1991, bls. 9–14)

Fyrst og fremst er hér gerð grein fyrir mælieiningum eins og þær tíðkuðust eftir að einokunarverslun hófst á Íslandi árið 1619. Mjög er stuðst við rit Pouls Thestrups, *Pund og alen. Danske mål- og vægtenheder fra 1683-reformen til idag*. Rigsarkivet 1991, þegar gefnar eru upp tölur samkvæmt lögum um metramæli og vog, sem og kafla úr bók Ólafs Stefánssonar, *Stutt undirvísun í reikningslistinni og algebra*. Kaupmannahöfn 1785, sem Magnús Stephensen sonur hans mun eiga allnokkurn hlut í. (Kristín Bjarnadóttir, „Stutt Undirvísun í Reikningslistinni og Algebra. Leitað höfundar“, *Skírnir* 189 (haust 2015), bls. 532–547)

Ýmis gömul orð fljóta þó með, sem komu fram í þeim heimildum, sem leitað var til. Um mælikvarða á miðöldum, þ.e. fyrir daga einokunarverslunar, má lesa í bók Gunnars Karlssonar, *Inngangur að miðöldum. Handbók í íslenskri miðaldasögu I*. Reykjavík 2007, bls. 271–312 (niðurstaða bls. 310–312), sem og hjá Magnúsi Má Lárussyni, „Íslenzkar mælieiningar“, *Skírnir* CXXXII (1958), bls. 208–245.



Lengdarmál

akurslengd = 33½ faðmar. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66)

alin

alin, íslensk: Forn íslensk alin hefur verið ætluð 47–49 sm, en er óviss. Magnús Már Lárusson nefnir bæði 47,7 sm og 55,6 sm. (Magnús Már Lárusson, „Íslenskar mælieiningar“, bls. 242) — Svonefnd Hamborgaralin mun almennt hafa verið notuð á Íslandi á 17. og 18. öld, jafnan kölluð íslensk alin, 57,1 sm. Nánar: 57,064 sm eða 21%₁₁ þumlungur danskur. Sjá t.d. rentukammerbréf 25. apríl 1761. (*Lovsamling for Island III*, bls. 438–439) Ellefu Hamborgarálnir voru jafngildar 10 dönskum álnum. Hamborgaralin var bönnuð á Íslandi með verslunartaxta árið 1776 en bannið ekki birt á alþingi fyrr en árið 1786. (*Lovsamling for Island IV*, bls. 333–353; *Alþingisbækur Íslands XVI*, bls. 286–293) Íslendingar notuðu samt íslensku alinina samhliða þeirri dönsku fram eftir 19. öld. Styttri álnir, 54–55 sm langar, virðast einnig hafa tíðkast. — Íslenskur faðmur telst 3 álnir eða 167,20 sm. Þar er alinin 55,73 sm. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921; Gísli Gestsson, „Álnir og kvarðar“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1968, bls. 63–78; Magnús Már Lárusson, „Íslenskar mælieiningar“, bls. 242; Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 65)

alin, dönsk (sjálensk) = 2 fet = 4 kvartil = 24 þumlungar = 288 línur (strá). Danska alinin var 62,814 sm á árunum 1683–1819, 62,75 sm á árunum 1820–1835 en 62,77 sm frá árinu 1835. Breytingin árið 1835 var gerð til samræmingar við prússnesk mál. Fyrrum voru danskar álnir mismunandi eftir landshlutum í Danmörku. Danska alinin var lögboðin á Íslandi í verslunartaxta árið 1776 en það ekki birt á alþingi fyrr en 1786, sbr. *alin, íslensk*. Dönsk alin skipist í 2 fet, sem hvert var 12 þumlungar / tommur, hver þumlungur deildist síðan í 12 línur eða strá. Alin skiptist einnig í fjögur kvartil. Faðmur var 3 álnir og mælistika (rode) 5 álnir. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 15)

Íhugandi er það, sem Gísli Gestsson segir um álnarmál: „Í ljós hefir komið að táknið 1 alin gat um aldamótin 1800 þýtt 62,77 sm (dönsk alin), 57 sm (íslensk eða Hamborgaralin), 54 sm („Jónsalin“ [kennd við Jón Árnason Skálholtsbiskup]) og

ef til vill 59 sm („Halldórsalin“ [kennd við Halldór Árnason, lyfsalasvein í Nesi á Seltjarnarnesi]). Hér þarf því vissulega aðgæzlu við.“ (Gísli Gestsson, „Álnir og kvarðar“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1968, bls. 76)

byggkorn (danska: byggkorn) = 0,49 sm eða ½₁₂₈ úr alin. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 16) Byggkorn var 3 molar, fjögur byggkorn voru fingurbreidd. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66)

bæjarleið = 6 hundruð faðma tólfræð. (Átt er við 12 tugi, stórt hundrað). (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66) Bæjarleið væri samkvæmt því 1.204 metrar (íslenskur faðmur), 1.357 metrar (danskur faðmur).

daghleypa = 3 þingmannaleiðir. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66) Væntanlega átt við það, sem hægt væri að fara með lausa hesta, þ.e. án klyfja, og með nokkra hesta til reiðar.

faðmur

faðmur, íslenskur = 167,20 sm (þ.e. þrjár álnir, 55,6 sm í alin) eða 195,07 sm (þ.e. málfaðmur = 3,5 álnir). (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921; Magnús Már Lárusson, „Íslenskar mælieiningar“, bls. 242, sbr. bls. 245) Ólafur Stefánsson talar um aðgangsfaðm = 3 álnir og málfaðm = 3½ alin. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66)

faðmur danskur (danska: favn) = 3 álnir danskar eða sex fet. Með 62,814 sm alin er danski faðmurinn 188,44 sm. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 17)

fet (danska: fod). Mun upprunalega hafa verið sem svaraði 31,407 sm en varð 31,385 sm árið 1835. Tvö fet voru alin. Í feti voru 12 þumlungar / tommur, þumlungur 12 línur, lína 12 skráplar. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 18) Ólafur Stefánsson segir 1 fet vera 4 þverhendur. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66)

fingur / fingurbreidd = 4 byggkorn. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66) Þ.e. 1,96 sm (miðað við danska alin). Fingurbreidd miðaðist við þumalfingur.

fjórðungsleið (danska: fjerdingvej) = fjórðungur úr danskri mílu = 1.875,5 metrar. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 18)

gráða (gradus). Ólafur Stefánsson segir gráðu almennast reiknaða 15 þýskar mílur eða 60.000 faðma. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 65) Ólafur hlýtur að miða við breiddargráður.

handarbreidd / þverhönd (danska: håndbred) = $\frac{1}{8}$ úr alin (danskri) = 7,85 sm. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 19) Þverhönd var 4 fingur (fingurbreiddir) og 4 þverhendur í feti. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66) Þverhandarþykkt vísar til handarbreiddar.

kvartil (danska: kvarter) = $\frac{1}{4}$ úr alin, þ.e. 15,70 sm (dönsk alin), 14,27 sm (Hamborgaralin), 13,25 sm (íslensk faðmsalin, þ.e. 55,6 sm). (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 23) Ólafur Stefánsson segir kvartil vera 6 þumlunga. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 65)

lína (danska: linie) = 2,18 mm eða $\frac{1}{12}$ úr þumlungi. Einnig kölluð strá (danska: strå) og miðaðist við breidd á hálmstrái. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 25, 31) Lína skiptist í 12 skrúpla.

míla

ensk míla = 1.000 faðmar. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66)

frönsk míla = 2.000 faðmar. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 65)

landmíla (danska: mil) = 4.000 faðmar = 12.000 álnir (danskar) = 7,538 kílómetrar frá árinu 1683, þá var ákveðið, að dönsk míla væri 12.000 álnir. Áður óviss vegalengd. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 25)

sjómíla (danska: sømil): 1) sem alþjóðamælieining (míluþjórðungur) = 1.852 m, 2) dönsk sjómíla (4 alþjóða sjómílur) = 7.408 m. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 31)

völsk míla (sennilega velsk eða ensk míla, 1.609,33 metrar) = 1000 faðmar eða 8 skeið. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66) Jón Guðmundsson sagði velska og enska mílu vera 1.000 faðma. (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls 76) Velskur maður er frá Wales í Bretlandi.

þýsk míla = 4.000 faðmar eða 4 valskar mílur. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 65) 7.532,48 metrar.

moli = 2 agnir. Þrír molar gerðu byggkorn. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66)

mæliskaft (danska: rode). Var árið 1683 ákveðið 5 álnir (10 fet), sem svarar til 314 sm. Áður töldu menn 6 sjálenskar álnir í rode. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 28–29) Ólafur Stefánsson segir: „1 mæliskaft 6 álnir eður vorar 7 álnir.“ (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66) Halldór Guðmundsson segir mæliskaft vera 2 faðma eða 6 álnir. (Halldór Guðmundsson, *Nákvæm lýsing á peningum, vigt, máli og fl.*, bls. 32)

reip = 5 faðmar. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66) Þ.e. 942,2 sm (danskur faðmur).

sabbatsganga = 4 hundruð faðmar tólfræð. (Átt er við 12 tugi, stórt hundrað). (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66) E.t.v. er þetta þau 2000 skref, sem Gyðingum var heimilt að ganga frá heimilum sínum á hvíldardeginum. Sabbatsganga var frá Jerúsalem til þorpsins Betaníu við Olíufjallið, þar sem Kristur var uppnuminn. (Johann Spangenberg, *Catechismus, Sönn, Einföld og líos Vtskyring Christelegra Fræða*. Hólum 1610)

skálm = 5 fet. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66) Þ.e. 157,035 sm (dönsk fet)

skeið = 125 faðmar. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66) Þ.e. 23.555 metrar (danskur faðmur). Magnús Már Lárusson segir eitt skeið / 1 stadíus (latneskt mál) vera 125 skref. (Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, bls. 242)

skref = 3 fet. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66) Þ.e. 94,221 sm (dönsk fet). Magnús Már Lárusson segir eitt skref (latneskt mál) vera 5 fet = 1,48 m. (Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, bls. 242)

skrúpull (danska: skrupel) = $\frac{1}{12}$ úr línu eða 1,82 mm. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 29) Miðaðist við þykkt á karlmannsnögl.

spönn = u.þ.b. þriðjungur úr alin, þ.e. 15,9 eða 18,5 sm. Spönn er bilið milli (góma) þumalfingurs og litla fingurs eða vísifingurs útglennta. (*Íslensk orðabók*. Reykjavík 2002, bls. 1444) Langspönn er bilið milli góma þumalfingurs og löngutangar, glennta fingra, eða um 21 sm. (*Íslensk orðabók*. Reykjavík 2002, bls. 865) Stuttspönn er milli góma þumalfingurs og vísifingurs, glennta. (*Íslensk orðabók*. Reykjavík 2002, bls. 1503) Ólafur Stefánsson segir 3 þverhendur (handarbreiddir) í spönn. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66)

stafgólf = bilið milli tveggja stoða eða sperra í húsi. Lengd stafgólfa var því mismunandi, en algeng 2,5–3,5 álnir eða um 1,5–2 metrar. (*Íslensk orðabók*. Reykjavík 2002, bls. 1448)

stig = 2 fet. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66) Þ.e. 62,814 sm (dansk fet).

stika = 2 álnir. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66) Þ.e. 125,628 sm (dönsk alin).

strá (danska: strå) = lína eða $\frac{1}{12}$ úr þumlungi, þ.e. 2,18 mm. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 31) Strá miðast við breidd á hálmstrái. Lína skiptist í 12 skrápla.

vika sjávar. Mismunandi eftir tímabilum, oft ónákvæm, t.d. 7,5–9 km, á 18. öld stundum 8,3 km. (*Íslensk orðabók*. Reykjavík 2002, bls. 1747) Síðar dönsk / þýsk míla = 7,538 km (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921) Ólafur Stefánsson segir viku sjávar vera 1 þýska mílu eða 4.000 faðma. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66)

þingmannaleið = dagleið. Stundum miðuð við 5 danskar mílur = 37,69 km. Magnús Már Lárusson segir 37,65 km. (Magnús Már Lárusson, „Íslenskar mælieiningar“, bls. 243) Ólafur Stefánsson segir þingmannaleið vera 5 þýskar mílur eða 20.000 faðma. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66) Þ.e. 37,04 km.

þumlungur, íslenskur (söguleg eining) = $\frac{1}{20}$ úr alin eða 2,4 eða 2,8 sm. (*Íslensk orðabók*. Reykjavík 2002, bls. 1839)

þumlungur, danskur (danska: tomme) = $\frac{1}{24}$ úr alin eða 2,617 sm. Þumlungur deildist í 12 línur eða strá, lína skiptist síðan í 12 skrápla. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 31)

þverhönd, sjá handarbreidd.

örskotshelgi = 2 hundruð faðmar tólfræð. (Átt er við 12 tugi, stórt hundruð). (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 66)



Þjóðminjasafn Íslands. Sms/1995-14.
Sildartunna úr tré með járngjörðum.

Rúmmál

anker (vínanker, tunnufjórðungur eða lagarkvartil) = 40 pottar eða 38,64 lítrar. Misjafnt þó eftir löndum. Frá árinu 1698 áttu í Danmörku að vera 39 pottar í ankeri (á Íslandi frá 1784). Jafnan var þó miðað við 40 potta. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 923; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 15) Ólafur Stefánsson segir 40 potta vera í ankeri, fjögur anker gera eina ámu, sex anker voru uxahöfuð. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64) Í lögum um metramæli og vog nr. 33/1907, 16. nóvember, sem tóku gildi árið 1910, er anker sagt vera 39 pottar eða 37,68 lítrar. (*Stjórnartíðindi* 1907 A, bls. 202; *Stjórnartíðindi* 1909 A, bls. 320–321)

anker (ölanker, tunnufjórðungur, danska: ølanker) = 34 pottar eða 32,8574 lítrar. Þessi rúmmálseining fyrir öl gildi oftast eftir 1683. (Poul Rasmussen, *Mál og vægt*, bls. 70, sjá einnig *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 923) Halldór Guðmundsson segir ölanker vera 17 potta og 5 kúta. (Halldór Guðmundsson, *Nákvæm lýsing á peningum, vigt, máli og fl.*, bls. 28–29)

áma (vínílát, danska: ahm, ame, ohm eða amme) = 155, 156 eða 160 pottar. Frá árinu 1698 áttu að vera 155 pottar í ámu, en áma var einnig 4 anker eða 156 pottar. 155 pottar voru 149,75 lítrar. Sennilega hefur áma í raun verið 160 pottar eða 154,56 lítrar. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 15) Um 1850 taldi Halldór Guðmundsson 160 potta í ámu. (Halldór Guðmundsson, *Nákvæm lýsing á peningum, vigt, máli og fl.*, bls. 25)

áttungur (danska: otting, einnig ottingkar) = áttundi hluti. Áttungur (otting), miðaður við 144 potta korntunnu, telst því 17,39 lítrar. Áttungur (ottingkar), miðaður við skeppu, er þá 2,17 lítrar. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 27) Ólafur Stefánsson segir áttung (vín eða rennandi vöru) vera 15 potta eða áttunda hluta lagartunnu. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64) Slíkur áttungur væri þá 14,49 lítrar. Halldór Guðmundsson segir áttung vera 2¼ pott og miðar þá við þurrvörur (korn, salt o.fl.). (Halldór Guðmundsson, *Nákvæm lýsing á peningum, vigt, máli og fl.*, bls. 25) Ætti sá áttungur því að vera 2,2152 lítrar.

bimpel (danska) = hálfanker eða 19,32 lítrar, ef anker taldist 40 pottar. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 16)

búskjóla. Hefðbundið vogarmál fyrir korn. Samkvæmt Búalögum átti sléttfull búskjóla að rúma 1½ fjórðung eða 30 merkur á vog. (*Búalög eður verðlag fornt og nýtt*. Hrappsey 1775, bls. 103) Íslensk orðabók segir búskjólu vera 30 merkur vegnar (6,43 lítra) eða 36 merkur mældar (9,29 lítra). (*Íslensk orðabók*. Reykjavík 2002, bls. 192) „30 merkur vegnar (4,65 lítrar) = 36 merkur mældar (7,74 lítrar)“. (Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, bls. 244) Þessar tölur Magnúsar koma ekki heim og saman við mál hans á *katlamálsskjólu* og virðast allt of lágar.

faðmur

brennifaðmur = brennihlaði úr álvarlögum kubbum, faðmur á hæð og faðmur á breidd. Venjulegt brenni var álvarlangt. Faðmur af slíku brenni var 72 rúmfet eða 2,226 rúmmetrar. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 923; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 17–18)

málfaðmur heys = 3 álnir danskar á hvern veg eða 6,68 rúmmetrar. Notað um hey í stakki eða í hlöðu. Íslenskur málfaðmur var að fornu 3,5 álnir eða 5,04 rúmmetrar væri alinin 49 sm, en 7,13 rúmmetrar væri alinin 55 sm. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 924) „1 faðmur heys er 20 kaplar. [Kaplar = hestar = hestburðir.] 1 faðmur heys af reiðum er á 20 kapla.“ (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls. 80).

farrúm: „1 farrúm (í skipi) eður lest kornvöru telst 12 tunnur. 1 farrúm með salti, kolum og fl. telst 18 tunnur, hvör á 176 potta.

Merk: Meðal farmanna og kaupmanna er farrúm korns nú talið 22 tunnur; þar sem talað er um farrúm hér eftir í bókinni er samt allstaðar haldið gömlu venjunni að meta það á við 12 tunnur.“ (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls. 77).

fat (danska: fad, fude, foder). Stærð á fati fôr eftir vörutegund. Auk þess má oft sjá orðið fat notað um tunnulaga ílát, án tillits til stærðar.

fat (vínílát) = 960 pottar eða 927,36 lítrar, ef áma taldist 160 pottar. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 17) Fat af víni = 2

pípur = 4 uxahöfuð = 6 ámur = 24 anker = 120 stórir kútar = 480 könnur = 960 pottar = 3.840 pelar. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 923)

fat (ölílát) = 2 tunnur = 272 pottar eða 262,79 lítrar. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 923)

fjórðungur. Ætla verður fjórðung fjórða hluta einhverrar stærðar. Þegar um mælieiningu er að ræða, verður að líta til þess, við hvað hefur verið miðað og á hvaða tíma.

Í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* gefur Magnús Már Lárusson upp eftirfarandi miðaldaeyningar fyrir rúmmáls-fjórðung, annars vegar kornmál, hins vegar lagarmál:

fjórðungur (kornmál) = 20 merkur vegnar = 24 merkur mældar = $\frac{1}{24}$ sáld = $\frac{1}{12}$ sældingur = $\frac{1}{4}$ mælin. (Magnús Már Lárusson, „*Fjerding*“. *Kulturhistorisk leksikon* IV, dálkar 385–386) Magnús Már Lárusson segir kornfjórðung vera 5,14 lítrar (4,29 kg). (Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, bls. 245)

fjórðungur (rúmmál) = $\frac{2}{3}$ karlaskar = 4 kvenaskar = $\frac{2}{3}$ búskjola = 20 merkur vegnar af rúgi = 20 merkurbollar = $\frac{1}{12}$ pundkerald = $\frac{1}{24}$ tunna = $\frac{1}{12}$ stampur = $\frac{1}{12}$ hálf tunna = $\frac{1}{6}$ kvartil = $\frac{1}{3}$ áttungur = $\frac{1}{12}$ skjola. (Magnús Már Lárusson, „*Fjerding*“. *Kulturhistorisk leksikon* IV, dálkar 385–386) Væri þá lagarfjórðungur 5,18 lítrar, ef farið er eftir tölum Magnúsar Márs Lárussonar. (Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, bls. 244)

fjórðungsfata. Hér ber mönnum ekki saman: a) 10 pottar. (Sigfús Blöndal, *Íslenzk-dönsk orðabók. Viðbætur*. Reykjavík 1963) b) Ílát, sem tekur 10 merkur lagar. (*Árbók landbúnaðarins 1966*. Bókarauki: *Búalög. Verðlag á Íslandi á 12.–19. öld*, bls. 66)

fjórðungsilát. Ólafur Stefánsson segir fjórðungsilát (vín eða rennandi vara) vera 20 merkur og miðar við mæli. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64) Samkvæmt Búalögum, sem gefin voru út í Hrapsey árið 1775, virðist fjórðungur mældur hafa verið 10 merkur mældar = 5 pottar, sem reiknaðir hafa verið 4,833 lítrar. (*Árbók landbúnaðarins 1966*. Bókarauki: *Búalög. Verðlag á Íslandi á 12.–19. öld*, bls. 56, 66; *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 923) Á þeim grundvelli er áætlað fjórðungsrúm í katli og fjórðungsrúm í strokki. (*Árbók landbúnaðarins 1966*. Bókarauki: *Búalög. Verðlag á Íslandi á 12.–*

19. öld, bls. 66) — Orðin mældur og veginn vísa til rúmmáls (mældur) og vogar (vegin). Orðið ketill var fyrrum haft um potta. — Hvernig talan 4,833 lítrar er fengin, er ekki ljóst, því að eftir lögum um metramæli og vog frá 1907, sem tóku gildi í ársbyrjun 1910, ættu 5 pottar að vera 4,831 lítrar. (*Stjórnartíðindi 1907 A*, bls. 202)

fjórðungsker (danska: fjerdingkar, kornmál) = $\frac{1}{4}$ úr skeppu. Frá 1863 var korn tunna 8 skeppur = 144 pottar. Þá varð kornfjórðungur (fjerdingkar, skeppufjórðungur) = 4,5 pottar = 4,347 lítrar. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 18)

fjórðungskerald. Ílát, sem tekur 10 merkur. (*Árbók landbúnaðarins 1966*. Bókarauki: *Búalög. Verðlag á Íslandi á 12.–19. öld*, bls. 66)

fjórðungsskjola er sögð vera fata, sem tekur einn fjórðung = 24 merkur mældar af korni = 5,2 lítrar.

fjórðungur (danska, viertel, lagarmál) = 2 könnur = 7,7 lítrar. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 32) Dönsk mælieining 1683–1907. (<https://denstoredanske.lex.dk/metrologi>)

flaska. Flöskur eru misstórar, en væri flaska ætluð sem ákveðið mál, var hún oft 3 pelar eða $\frac{3}{4}$ úr potti eða 0,7245 lítrar. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 18)

fudder (danska) = stykfad = $1\frac{1}{4}$ fat. (Halldór Guðmundsson, *Nákvæm lýsing á peningum, vigt, máli og fl.*, bls. 29) Séu 40 pottar í ankeri eru 1.159,2 lítrar í stykfati. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 31)

kanna (danska: kande) = 2 pottar = 1,932 lítrar, eftir að könnumál var ákveðið í Danmörku árið 1683. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 923; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 21)

katlamálsskjola. Orðið ketill var fyrrum haft um potta. Páll Vídalín segir katlamálsskjölu taka $17\frac{1}{2}$ mörk. (Páll Vídalín, *Skýringar yfir fornryði lögbókar*. Reykjavík 1854, bls. 297) Magnús Már Lárusson segir: „katlamálsskjola = 20 merkur vegnar (4,34 lítrar) = 24 merkur mældar (6,192 lítrar)“. (Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, bls. 244)

kommercelæst (danska) = stórlest eða varningslest. Burðargeta skipa var skilgreind í skipslestum / kommercelæster. Danska skipslestin var frá árinu 1672 miðuð við burðargetu skips á 24 tunnum af rúgi, samsvarandi 5.200 pundum. Ýmsar aðferðir voru notaðar við mælingu á þessum lestum. Þannig var sama skip með mismunandi kommercelestastærð fyrir 1825, milli 1825–1830 og eftir 1830. Eftir 1867 voru dönsk skip mæld í registertonnum. Registertonn er 2,83 rúmmetrar. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 923–924; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 21–22, 28)

kornpund (rúmmálseining fyrir korn). (Korn)pund byggs var 4 tonn sem svaraði til 32 skeppa. (Korn)pund af bókhveiti var 20 skeppur. Væri korn tunna 144 pottar og 8 skeppur í korn tunnu, var (korn)pund byggs 556,4 lítrar og (korn)pund bókhveitis 347,75 lítrar. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 22)

kútur (danska, kutting) = 8 pottar (stór kútur, 7,7288 lítrar), 4 pottar (lítill kútur, 3,8644 lítrar). Ólafur Olavíus talar um hálfkúta. (Ólafur Olavíus, *Greinileg vegleiðsla*, bls. 21) Jón Guðmundsson sagði árið 1841 kornkút taka 8 potta eða 16 merkur eða lakan kornfjórðung að vigt. (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls 76)

kvarter, kvartal eða korter (danska) / rúmmál = fjórðungur. (Sjá einnig *fjórðungur*). Sem rúmmálseining fjórðungur úr fati, og þá 240 pottar eða 231,94 lítrar af víni eða 68 pottar eða 65,70 lítrar af öli. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 23, sbr. bls. 27)

kvartil (lítill tunna) = ½ stampur = 2 áttungar, 60 (eða 120) merkur. Lagarkvartil (vínanker, tunnufjórðungur eða lagarkvartil) = 40 pottar eða 38,64 lítrar. (*Íslensk orðabók*. Reykjavík 2002, bls. 833)

lest (danska: last, læst). Mælieining fyrir rúmmál, burðargetu skipa eða vog. Lest var aðalmælieiningin fyrir næstum allt, sem flutt var með skipum. Fyrrum var stærð skipa gefin upp í skipslestum fyrir mismunandi vörur (rúg, hveiti eða salt), þar sem tunnufjöldi í lest var mismunandi eftir vöru. Frá árinu 1672 miðaðist danska skipslestin yfirleitt við 24 tonn af rúgi, sem voru reiknaðar yfir í 5.200 pund. Var þá talað um *kommercelæst* (íslenska: stórlest / varningslest). Sjá *kommercelæst*. Lestarrúmeining miðaðist þó við tonn, oftast 12, 18 eða 24

tonn. Rúmmálið setti takmörkin fyrir léttari vörur, vogin fyrir þyngri vörur. Skipslestin var því breytileg, oftast á bilinu 1,3–3,1 rúmmetrar eftir vörutegundum. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 923–924; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 24) Jón Guðmundsson talaði um farrúm eða lest kornvöru. (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls. 76)

kornlest. Upphaflega 24 tonn af korni. Árið 1632 var tekin upp 22 tunna lest fyrir rúg, bókhveiti og hirsigrjón, árið 1647 fyrir hveiti og síðar aðrar korntegundir. Grjónalest var þó áfram 24 tonn. Mjöllest var þó aðeins 12 tonn. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 923–924; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 24) Jón Guðmundsson sagði árið 1841 lest kornvöru vera 12 tonn. (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls 76)

hveitimjöls-, bauna-, smjör-, kjöt-, fisk-, tólgar-, síldar-, sápu-, kalk-, olíu-, tjöru-, öl-, ediks- og brennivínslest var jafnan 12 tonn, stundum bætt við 13. tunnunni til þess að mæta rýrnun. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 923–924)

saltlest var 12 tonn, ef um var að ræða Lüneborgar, danskt eða norskt salt, en 18 tonn, ef saltið var franskt, spænskt eða skoskt. 176 pottar í tunnunni. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 924)

steinkola- / barkar-(bik-)lest var 18 tonn, 176 pottar í tunnunni. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 924)

mörk / rúmmál. Magnús Már Lárusson segir, að eftir 1619 hafi mæld mörk verið 0,248 lítrar. (Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, bls. 244) Ekki er ljóst, hvenær Íslendingar fóru almennt að tala um hálfpott sem mörk eða 0,496 lítra. Páll Vídalín lögmaður segir m.a. um mörk: „það sem vér nú köllum hálfan pott, er það heilt skálapund að þunga.“ (Páll Vídalín, *Skýringar yfir fornryði lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast*. Reykjavík 1854, bls. 343) Halldór Guðmundsson segir árið 1850, að á Íslandi sé 1 mörk sama og ½ pottur. (Halldór Guðmundsson, *Nákvæm lýsing á peningum, vigt, máli og fl.*, bls. 25) Minnst má gátunnar: „Faðir minn heitir fremst á nál, fæddur í tveimur pelum.“ Svarið er: Oddur og Mörk.

mælir = 96 merkur mældar = 20,57 lítrar. (Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, bls. 245) Ólafur Stefánsson segir mæli vera 4 fjórðunga eða 40 potta. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64)

pli (**danska: pægl**) = $\frac{1}{4}$ úr potti eða $\frac{1}{2}$ mörk. Nákvæmt mál mun hafa verið 0,2415 lítrar. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 28) Jafnan er nú miðað við 0,25 lítra.

pípa (**danska: pibe**). Mælieining fyrir spænsk og portúgölsk vín. Pípa = 480 pottar. Séu 0,966 lítrar taldir í potti, eru 463,68 lítrar í pípu. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 28) Ólafur Stefánsson segir 3 ámur vera í pípu eða 12 anker. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64)

pottur (**danska: pot**). Árið 1683 var rúmeiningin ákveðin $\frac{1}{32}$ teningsfet, sem svarar til 0,966 lítra. Fjórir pelar voru í potti. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 28) Hálfur pottur var ein mörk eða 2 pelar. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64) — Sjá *mörk* hér á undan. Árið 1841 sagði Jón Guðmundsson 1 pott taka 2 merkur mældar og miðaði þá við korn eða salt. (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls. 76) — Með lögum nr. 33/1907, 16. nóvember, um metramæli og vog, sem tóku gildi 1. janúar 1910, var pottur ákveðinn 0,9661 lítri. (*Stjórnartíðindi* 1907 A, bls. 198–203; *Stjórnartíðindi* 1909 A, bls. 320–321) Yfirleitt er núna miðað við, að pottur sé 1 lítri, sbr. mjólkurpottur.

pund. Í Danmörku þekktist pund einnig sem rúmmálseining fyrir korn, sjá *kornpund*. Orðið pund gat einnig verið haft um 12 potta fljótandi vöru eða 12 pund þurrvöru. (Sigfús Blöndal, *Íslensk-dönsk orðabók*, bls. 629)

pundfata = 24 merkur (þ.e. 12 pottar). (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64, sbr. Sigfús Blöndal, *Íslensk-dönsk orðabók*, bls. 629) Pundfata virðist einkum hafa verið notuð sem mælieining fyrir mjólk. (Ritmálssafn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi)

pundkerald = 24 merkur, þ.e. 12 pottar. (*Búalög. Verðlag á Íslandi á 12.–19. öld*. Bókarauki með Árbók landbúnaðarins 1966, bls. 69; Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, bls. 220) Pundkerald mun hafa verið mælieining fyrir skyr. Merkingin, sem gefin er upp í *Íslensk orðabók*, getur varla staðist: „mæliílát, tók $\frac{1}{100}$ úr tunnu, þ.e. um 500 grömmm.“ (*Íslensk orðabók*. Reykjavík 2002, bls. 1147) Frekar hefði verið þá miðað við ílát, sem tók eina mörk.

skeppa / skeffa (**danska: skæppe**) — rúmmál. Sem rúmmálseining aðallega notuð við mælingu á korni. Árið 1683

var ákveðið, að *kornskeppa* væri $\frac{1}{8}$ úr tunnu, þar af leiðandi 18 pottar, sem svaraði til 17,39 lítra. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 30) Jón Guðmundsson sagði árið 1841 kornskeffu (skeppu) vera 4 fjórðungsker eða 18 potta eða 36 merkur mældar og kornskeppuna almennt vera 44 merkur að vigt. (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls. 76)

saltskeppa. Mælieining fyrir salt, steinkol og börk (bik). Salttunna var 176 pottar og 8 skeppur í tunnunni, því hefur saltskeppa verið 22 lítrar. Saltskeppa var afnumin árið 1698. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 29)

stampur = $\frac{1}{2}$ tunna, 2 kvartil. (*Íslensk orðabók*. Reykjavík 2002, bls. 1451–1452) Lagarstampur væri því 80 pottar eða 77,28 lítrar.

stórlest = kommercelæst.

stikkfat / stykfat (**danska**), þ.e. vínlát = 30 anker = $7\frac{1}{2}$ áma = 5 uxahöfuð = $1\frac{1}{4}$ fat. Séu 40 pottar í ankeri eru 1.159,2 lítrar í stykfati. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 31)

stobken (**danska**) = 2 könnur = 4 pottar = 3,864 lítrar. (Halldór Guðmundsson, *Nákvæm lýsing á peningum, vigt, máli og fl.*, bls. 29)

teningsfet = 0,030916 rúmmetrar.

tjerce (danska, komið úr ensku: tierce, mælieining fyrir vökva, fyrst og fremst haft um vínlát) = uxahöfuð = 231,84 lítrar (vín), 197 lítrar (öl eða edik). (Halldór Guðmundsson, *Nákvæm lýsing á peningum, vigt, máli og fl.*, bls. 28–29)

tunna (**danska: tønde**) — rúmmál. Stærð tunnu sem rúmmálseiningar fór eftir því til hvers hún skyldi notuð. Í verslunartaxtanum árið 1619 er sagt, að tunnur fyrir drykk og aðrar votar vörur skyldu vera 120 pottar, Kaupmannahafnarmál. (*Lovsamling for Island I*, bls. 186, 7. liður) Tunnustærðir voru ákveðnar í Danmörku árin 1683 og 1698 en voru ekki lögleiddar á Íslandi fyrr en með tilskipun árið 1784. (Birt á alþingi árið 1786 eins og vikið er að í inngangi) (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 924; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 31–32) Tunnumál (líttramál) var ákveðið með lögum nr. 33/1907, 16. nóvember, og tók gildi 1. janúar 1910. (*Stjórnartíðindi* 1907 A, bls. 198–203; *Stjórnartíðindi* 1909 A, bls. 320–321)

Björgvinjartunna, norsk tjörutunna, lýsistunna var rúm-eining fyrir margar verslunarvörur á Íslandi, í Færeyjum, Grænlandi, Finnlandi og Noregi sem og fyrir vörur þaðan og því oft nefnd íslensk-færeysk lýsistunna. Árið 1698 var norska tjörutunna ákveðin sem 120 pottar, sem svaraði til 115,92 lítra. Árið 1777 var ákveðið, að brennivín, sem flutt yrði til þessara svæða, skyldi sent í tunnum af þessari stærð, svo að flytja mætti lýsi í þeim til baka. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 27, 31–32) Lýsistunna var ákveðin 120 pottar með tilskipun um vog og mál á Íslandi árið 1784. (*Lovsamling for Island* V, bls. 88–95, sjá einkum bls. 89) Skilgreind sem almenn tunna í lögum nr. 33/1907, 115,93 lítrar. (*Stjórnartíðindi* 1907 A, bls. 202) Tók gildi árið 1910.

korntunna (mælieining fyrir korn) = 144 pottar samkvæmt tilskipunum frá 1683 og 1698 = 139,1 lítrar. Mælieining fyrir 4 korntegundir (bygg, hafra, hveiti og rúg), einnig fyrir malt, grjón, baunir, ávexti og kalk. Í korntunnu voru 8 skeppur = 32 fjórðungar (fjeringkar) = 64 áttungar (ottingkar) = 128 hálfáttungar = 144 pottar = 576 pelar. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 924; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 22, 31–32) Skilgreind sem korntunna í lögum nr. 33/1907, 139,12 lítrar. (*Stjórnartíðindi* 1907 A, bls. 202) Gilti frá ársbyrjun 1910.

lagartunna / öltunna. Í tilskipun 16. desember 1619 um verðlag í Íslandsverslun er sagt, að tunnur í verslun með drykk og votar vörur skuli taka 120 potta, Kaupmannahafnarmál. Hálfunnur, fjórðunga og áttunga skyldi reikna út frá því. (*Lovsamling for Island* I, bls. 186, 7. liður) Með tilskipunum 1683 og 1698 var öltunna ákveðin 136 pottar sem svarar til 131,39 lítra og það ítrekað í tilskipun árið 1784. Ólafur Stefánsson segir lagartunnu vera 15 kúta eða 120 potta. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvisun*, bls. 64) Jón Guðmundsson segir lagatunnuna vera 3 anker. (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls 76) Lagartunna var notuð sem mælieining fyrir mjöl, smjör, tólg, sápu, kjöt, fisk, hrogn, olíu og edik. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 924; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 31–32) Skilgreind sem öltunna í lögum nr. 33/1907, 131,39 lítrar. (*Stjórnartíðindi* 1907 A, bls. 202) Þau tóku gildi í ársbyrjun 1910.

lýsistunna = sjá Björgvinnartunna.

salt-, steinkola- og barkartunna = 176 pottar = 170,02 lítrar eftir tilskipun frá árinu 1693. (Börkur = bik). Árið 1698 var ákveðið, að salttunna yrði 10 kornskeppur, því varð salttunna 180 pottar eða 173,88 lítrar. Samkvæmt tilskipun frá 1778 [9. júlí] skyldi salt mælt í korntunnum en mun hafa gengið seint

fyrir sig. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 924; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 31–32)

síldartunna = 120 pottar = 116 lítrar. (Þetta virðist miðað við Björgvinjartunnur, almennar tunnur og eftir að síldarverkun hófst á Íslandi) Danskar síldartunnur voru 112 pottar = 108,21 lítrar. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 924; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 29).

tjörutunna = 120 pottar. Sjá *Björgvinjartunna*. Jón Guðmundsson sagði árið 1841 tjörutunnu vera 17 kúta eða 136 potta og tunnur með söltuðum fiski, laxi, kjöti og fleira taka jafn mikið. (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls 76)

víntunna = 160 pottar = 154,56 lítrar (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 924)

uxahöfuð (danska: oksehoved), komið úr lágbýsku: oksehoofod en þangað úr ensku: hogshead. Mælieining fyrir vín og aðrar fljótandi vörur. Danir töldu 6 anker í uxahöfði (1½ áma). Séu 40 pottar taldi í ankeri var uxahöfuð 231,84 lítrar. Öl-/ediksuxahöfuð var þó aðeins 1,5 tunna (miðuð við 136 potta tunnu) eða 197 lítrar. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 27)

varningslest = kommercelæst.

[illegible]

50-51

Flatarmál

ari (danska: ar) = 100 m², 10x10 m. Þessi mælieining var t.d. notuð til þess að sýna túnastærð á jörðum í Norður-Múlasýslu í jarðamatinu sem kennt er við 1918. (ÞÍ. Fjármálaráðuneytið 1935–007. Fasteignamat 1916–1918. AA/15–1, 2) Í einum hektara eru 100 arar.

dagsláttar

engjadagsláttar / engjateigur / alvöllur, 40 faðmar á hvern veg = 1,600 ferfaðmar = 14,400 ferálnir = 5,674 m² = 0,5674 hektarar. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921)

túndagsláttar / vallardagsláttar / eyrisvöllur / teigur, 30 faðmar á hvern veg = 900 ferfaðmar = 8,100 ferálnir = 3,191 m² = 0,3191 hektarar. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 922)

feralín (dönsk) = 0,394 m². (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921)

ferfaðmur = 9 ferálnir = 36 ferfet = 5,184 ferþumlungar = 3,546 m². (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921)

ferfet = 985 sm². (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921)

ferþumlungur (danskur) = 6,84 sm². (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921)

hektari, ha = 3,1334 túndagsláttur = 2.820 ferfaðmar = 10.000m². (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921)
Hektari er 100 arar.

kýrvöllur. Oft talinn 3 dagsláttur. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921)

lögvollur / vikuverk = 73,5 x 73,5 faðmar = 4 kýrvellir (kýrfóðursvellir) = 6 (tún)dagsláttur = 5,400 ferfaðmar. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921)

stakksvöllur / stakksengi = 9 engjadagsláttur = 14.400 ferfaðmar = 51,066 m². (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 921)

teigur = dagsláttar, þ.e. túndagsláttar / vallardagsláttar / eyrisvöllur, 30 faðmar á hvern veg = 900 ferfaðmar = 8,100 ferálnir = 3,191 m² = 0,3191 hektarar. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 922)



Vog

apótekarapund. Mælieining við lyfjagerð. Þegar föst pund-eining var sett í Danmörku árið 1683 til mælingar á flestum vörum, héldust sérstakar pundeiningar til þess að vigta lyfjavörur í smásölu og til þess að vega góðmálma. Talið er, að apótekarapund hafi verið hið sama og nürnbergpund eða 357,85 grömm. Hin fastákveðna pundeining var þó notuð í heildsölu á lyfjagerðarvörum. Frá árinu 1858 varð apótekarapund $\frac{3}{4}$ af lögfestu pundi eða 375 grömm. Frá og með 1. júlí 1869 skyldi lögfest pundeining gilda í lyfjafyrirmælum lækna og dýralækna og afhendingu lyfja í apótekum í Danmörku. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 15)

Apótekarapund var 12 únsur (1 únsa 29,82 grömm til 1858, 31,25 grömm 1858–1869). Í únsu voru 8 drökmur (1 drakma 3,915 grömm til 1858, 3,906 grömm 1858–1869). Í drökmu voru 3 skrúplar (1 skrúpull 1,24 grömm til 1858, 1,30 grömm 1858–1869). Í skrúpli voru 20 grön (1 gran 0,062 g til 1858, 0,065 g 1858–1869). (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 15, 17, 19, 29, 32; <https://denstoredanske.lex.dk/metrologi>)

bismerpund = 12 pund. 12 pundin voru ákveðin árið 1683 og jafngilda 5,952 kg. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 16)

centner / centener. Upphaflega var centner 112 pund en á 18. öld færðist hann í það að tákna oftast 100 pund. Pundmál fyrir 1839 var 496 grömm, þá hefur 112 punda centner verið 55,552 kg og 100 punda centner verið 49,600 kg. Frá 1839 var pundið 500 grömm og 100 punda centner því 50 kg. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 16)

drakma (danska: drachma). Mælieining í lyfjagerð = $\frac{1}{8}$ úr únsu. (Únsa var $\frac{1}{12}$ apótekarapunds). Drakma var 3,915 grömm fyrir 1858 en eftir það 3,906 grömm. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 16)

eyrir veginn = 27,125 grömm. (Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, bls. 243) Eyri veginn = um 27 grömm. (*Íslensk orðabók*. Reykjavík 2002, bls. 292)

eyrir mældur = 32,55 grömm. (Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, bls. 243) Eyri mældur = um 32,5

grömm, 8 aurar = 1 mörk. (*Íslensk orðabók*. Reykjavík 2002, bls. 292)

eyrir í silfurvigt = 2 lóð, samkvæmt heimild frá fyrrihluta 19. aldar. (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls. 74)

fat. Fat af blýi var 6 skippund, 320 pund í skippundi. Sé pund talið 496 grönn, var blýfatið 952,32 kg. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 17)

fjórðungur = „10 pund = 20 merkur eða tæp 5 kg. Sé mörkin reiknuð á 217 g eins og á miðöldum vegur fjórðungurinn 4,34 kg.“ (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 922)

gran. Mælieining í lyfjagerð. Gran = $\frac{1}{80}$ úr únsu og því fyrir 1858 0,062 grömm en eftir það 0,065 grömm. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 179) Ólafur Stefánsson segir 1 gran vera 1 byggkorn. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64)

gren. Mælieining fyrir gull og silfur. Í gulli var 1 gren jafnt $\frac{1}{2}$ karat og því 0,817 grömm. Í silfri var gren sama og $\frac{1}{8}$ úr lóði og því má reikna 1 gren silfurs sem 0,8125 grömm. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 19)

hestburður = það sem hestur ber í einu, venjulega miðað við 2 bagga (klyfjar), 100 pund hvorn. Á þó ekki við hey, hrís eða mó.

hestur = „magneining af heyi, mismunandi eftir héruðum. Töðuhesturinn var víðast 80 kg á Suðurlandi, en allt að 120 kg fyrir norðan og austan.“ Eftir athugun Hagstofu Íslands laust fyrir 1930: „en þá mældist töðuhestur á landinu öllu að meðaltali 86 kg, úthey almennt 80 kg, þar af úthey af áveitu- og flæðiengjum 93 kg og annað úthey 76 kg. Í hagskýrslum er enn fremur 1 hestur af sverði og mó jafngildi 80 kg og 1 hestur af hrísi 86 kg.“ (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 922)

karat, mæli- og gæðaeining fyrir gull. Upphaflega var eitt karat $\frac{1}{8}$ kölnarpunds gulls. Kölnarpund svarar til 470,35 gramma (gull- og silfurvog) og 1 karat var því 9,80 grömm. Karat deildist í 12 gren. 1 gren gulls var 0,817 grömm, 1 gren

silfurs 0,8125 grömm. Vogareiningar góðmálma voru gren, kölnarpund, lóðarmark (lødemark) og vægtmark, sem voru jafnþung. Eitt lóðarmark var 24 karata gull. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 21, sbr. bls. 19 (gren), 23 (kølnerpund), 25 (lødemark) og 32 (vægtmark)

Gull- og silfurvog var þessi á árunum 1683–1873: 1 gren = $\frac{1}{12}$ karat = 816 mg, 1 karat = $\frac{1}{8}$ kölnarpunds = 9,80 mg. Kölnarpund ($\frac{1}{17}$ pounds) = 470,3 grömm, = 16 únsur (1 únsa = 29,4 grömm) = 32 lóð (1 lóð = 14,7 grömm), = 128 kvint / kvintin (1 kvint = 3,67 grömm) = 512 ort (1 ort = 816 mg). (<https://denstoredanske.lex.dk/metrologi>)

kors (danska) = 12 merkur = 6 pund = 2,976 kg. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 22)

kvint / kvintin = $\frac{1}{4}$ úr lóði. Þegar pund svaraði til 496 gramma, mátti reikna kvint sem 3,875 grömm. Árið 1861 varð kvint $\frac{1}{100}$ úr pundi eða 5 grömm í Danmörku en slíkt tók gildi á Íslandi sumarið 1867. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 23; *Lovsamling for Island XIX*, bls. 350–351)

kvintin = 4 ort eða 4 peninga þyngd. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64)

kvintin / drachma = 3 skráplar. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64)

kölnarpund (danska: kølnerpund). Vogareining fyrir gull og silfur. Frá 1683 voru 17 kölnarpund jafngild 16 venjulegum dönskum pundum. Kölnarpund samsvaraði 468 grömmum. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 23)

lest (danska: last / læst). Breytileg þyngd eftir vörutegundum, algengt var að lest svaraði u.þ.b. til stórlestar [rúmmál] þegar komið var fram á 18. öld, eða 5.200 pund. Poul Thestrup segir 12 skippunda lest svara til 1.905 kg fyrir þungavöru eins og blý, járn og skreið, en 6 skippunda lest svara til 952 kg fyrir léttavöru eins og hamp og humla. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 24) Þyngd einstakra vörutegunda var: (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 922)

þurrkaður saltfiskur = 18 skippund,

hardur fiskur eða skreið = 15 skippund (12 skippund í sumum heimildum),

tóbak = 12,5 skippund,

þungavara, s.s. blý og járn = 12 skippund,

sykur = 10 skippund,

léttavara, s.s. hör, hampur og humlar = 6 skippund.

viðarlest var 4.000 pund að sögn Halldórs Guðmundssonar. (Halldór Guðmundsson, *Nákvæm lýsing á peningum, vigt, máli og fl.*, bls. 25)

lispund / líspund = 16 pund. Svo frá árinu 1683. Ef pund svaraði til 496 gramma, mátti reikna lispund sem 7,936 kg. Frá 1839, þegar pund varð 500 grömm, varð lispund 8 kg. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 24)

lóð. 32 lóð voru í pundi. Ef pund reiknaðist 496 grömm, voru 15,5 grömm í lóði. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 24) Ólafur Stefánsson segir 4 kvintin í lóði. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64)

lødemark (danska). Vogareining fyrir góðmálm. Eitt lødemark jafnt einni vægtmark (danska) er hálft kölnarpund og því 234 grömm. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 25)

málbandsklyf = „16 fjórðungar = 320 merkur. Notað sem heymál á eldri tíð og bar hestur tvær klyfjar (= málbandshestur) eða 137,6 kg miðað við 4,3 kg í fjórðungi en 180 kg miðað við 5 kg í fjórðungi.“ (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 922) Hestburður miðaðist venjulega við 200 pund. (Sjá *hestburður*). Hestur var vogareining fyrir hey, hrís og mó. (Sjá *hestur*).

mörk vegin = „16 lóð = $\frac{1}{2}$ pund. Á miðöldum var mörk sem næst 217 g og fjórðungurinn samkvæmt því 4,34 kg.“ (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 922) Í vogarkerfinu danska frá 1683, þegar pund taldist 496 grömm, varð mörk 249 grömm. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 25) Magnús Már Lárusson segir mælda mörk (rúmmál) hafa hins vegar verið 260,4 grömm en nefnir ekki hvers konar vökva sé miðað við. (Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, bls. 243)

mörk í silfurvigt = 8 aurar = 16 lóð, samkvæmt heimild frá fyrrihluta 19. aldar. (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls. 74)

ort = ¼ kvint / kvintin. 512 ort voru í pundi og meðan pund svaraði til 496 gramma, reiknaðist ort sem 0,968 grömm. Frá árinu 1861 taldist kvint vera 5 grömm og ort varð þá 0,5 grömm í Danmörku en tók gildi á Íslandi sumarið 1867. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 27; *Lovsamling for Island XIX*, bls. 350–351).

pund, danskt = 2 merkur = 16 únsur = 32 lóð = 128 kvint / kvintin = 512 ort. Fyrir 1700 var í Danmörku yfirleitt notað orðið skálapund (danska: skålpund), síðar aðeins pund, en þyngdarmunur var enginn. Raunar var þyngdin fyrrum misjöfn eftir stöðum í Danmörku. Árið 1683 var Kaupmannahafnar skálapund látið ná til ríkisins alls. Er venja að telja það jafngilda 496 grömmum í nútíma metrakerfi. Í Danmörku var ákveðið árið 1839, að 500 grömm væru í pundi, og árið 1861, að 1 pund deildist í 100 kvint og 1 kvint í 10 ort. Þessar breytingar tóku gildi á Íslandi sumarið 1867. (*Lovsamling for Island XIX*, bls. 350–351) — 16 pund voru 1 lísipund, 20 lísipund (320 pund) voru 1 skippund. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 922; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 28) — Pund gat einnig verið haft um 12 pund þurrvöru (Sigfús Blöndal, *Íslensk-dönsk orðabók*, bls. 629) — Arnór Sigurjónsson segir um pund: „í Búalögum því nær alls staðar 24 merkur (gamla lísipundið), líka stundum notuð karlkynsmyndin pundur.“ (*Búalög. Verðlag á Íslandi á 12.–19. öld*. Bókarauki með *Árbók landbúnaðarins 1966*, bls. 69)

sekkur (danska: sæk) = 200 pund. Notað um fiður, fjaðrir, ull, baðmull o.þ.h. (Poul Rasmussen, *Mál og vægt*, bls. 89)

skálapund = pund, danskt. Talið jafngilda 496 grömmum.

skippund = 20 lísipund = 320 pund. Fyrir 1839 158,72 kg þegar 496 grömm voru í 1 pundi, eftir 1839 var skippund 160 kg. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 29) Pund breyttist að gildi á Íslandi árið 1867, varð 500 grömm. (*Lovsamling for Island XIX*, bls. 350–351) Ólafur Stefánsson segir 4 vættir í skippundi. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64)

skrúpull (danska: skrupel). Mælieining í lyfjagerð = ¼ úr únsu eða 1,24 grömm fyrir 1858 en 1,30 grömm 1858–1869. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 29) Ólafur Stefánsson segir 20 grön í skrúpli. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64)

sten (danska). Dungi stens fór eftir vörutegund og virðist hafa verið breytilegur eftir tímabilum. Sten gat því hlaupið milli 10 og 30 punda. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 31)

tunna (danska: tønne).

„breytileg að þyngd eftir vörutegundum. Í verslunartöxtum á einokunartímanum er kveðið á um þyngd korntunnunnar (rúgmjölstunnu). [Árið 1619 skyldi tunnan vega 12½ lísipund eða 2½ íslenska vætt, árin 1686 og 1702 12 lísipund (tunnan sjálf með talin), árið 1776 áttu að vera í tunnunni 10 lísipund og 8–12 pund mjöls (tunnan sjálf ekki með). (*Lovsamling for Island I*, bls. 184–185, 2. liður, 191, 416, 564; *Lovsamling for Island IV*, bls. 339)] Sé gert ráð fyrir að tunnan sjálf hafi vegið 11 kg (22 pund), eins og taxtinn frá 1776 gerir, var nettóþyngd rúgmjölstunnu 109 kg samkvæmt Búalögum, 89 kg eftir taxtanum 1619, 85 kg eftir töxtunum 1684 og 1702 og 84 – 86 kg (10 lísipund og 8–12 pund) eftir taxtanum 1776. ...Tunna af annarri mjölvöru, byggi og bankabyggi vó sama og rúgmjölstunnan. Aðrar vörur vógu í tunnum:

ómalaður rúgur, grjón og baunir = 96 kg

skonrok = 39 kg. [Athugasemd: Þessi tala tala í Hagskinnu er tekin eftir Carl Pontoppidan, *Samlinger til Handels Magazin for Island II*. Kiöbenhavn 1788, bls. 2. Eldri heimild, úttekt á verslunarvörum í Grundarfirði 1753, segir skonroktunnu vega 9 fjórðunga (45 kg) með trénu. ÞÍ. Rtk. B01/25-1.]

svartabrauð, einnig kallað skipsbrauð = 41 kg. [Athugasemd: Þessi tala í Hagskinnu er tekin eftir Carl Pontoppidan, *Samlinger til Handels Magazin for Island II*. Kiöbenhavn 1788, bls. 2. Eldri heimild, úttekt á verslunarvörum í Grundarfirði 1753, segir skipsbrauðstunnu vega 12 fjórðunga (60 kg) með trénu. ÞÍ. Rtk. B01/25-1.]

smjör, tólg, sápa, lýsi, olía, edik og brennisteinn = 14 lp. [lýsipund] = 112 kg. Þessi tunnavigt var lögfest á feitmeti í Danmörku árið 1751. [Poul Thestrup segir innihald tunnu með vörum eins og smjöri, tólg og sápu hafa frá því á 16. öld og síðar verið upp á 14 lísipund eða 224 pund, sem svari til 111,1 kg. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 32)]

kartöflur og rófur = 100 kg

lýsi = 105 kg (miðað við 120 potta tunnur)

hvallýsi = 170 kg

sauða- og nautakjöt = 112 kg að undanskildum árunum 1764–76 = 128 kg. [Athugasemd. Í Hagskinnu er reiknað með, að fyrir 1764 hafi kjöttunnan vegið 112 kg (14 lp) en á tímabilinu 1764–1776 hafi verið notuð 128 kg (16 lp) tunna.

Bókhald Hörmangarafélagsins sýnir hins vegar, að kjöt frá Íslandi var flutt í 128 kg tunnum, en þar sem samningur félagsins við Søetaten (Admiralitet) miðaði við 112 kg tunnu, var tunnan umreiknuð frá 128 kg. Samanber færslu í dagbók 30. desember 1747, bls. 317v: „2625 Tönder Storhuggen faare Kiöd, 16 lpd p<er> T<önde> beregnet, giör — 42000 lpd., à 14 lpd 6 rdl. 4 mk. — 20000. NB. er p<er> T<önde> af 16 lpd – 7 rdl. 3 mk. 11¾ sk.“ (SA. Det kgl. oktrojerede Islandske Kompagni. Pk. 10. Journal 1742 1748) Sjá: <https://www.sa.dk/ao-soegesider/da/billedviser?epid=21691131#409128,75810583>

saltaður þorskur = 128 kg

síld = 100 kg fram til 1930, 104 kg upp frá því

kol = 120 kg

salt = 130 kg. Norsk salttunna átti að vega 125 kg

tjara = 144 kg

steinolía = 150 kg“

(*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 922–923)

Poul Thestrup segir öltunnu hafa verið notaða sem vogareiningu fyrir vörur, sem ekki voru fljótandi. Í tilskipuninni frá 1683 hafi verið ákveðið, að tunna fyrir slíkar vörur skyldi vega 16 lísipund, tunnan sjálf 2 lísipund en nettóvigt innihaldsins 14 lísipund. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 32)

únsa / únsía (danska: unse eða unze). Pund skiptist í 16 únsur. Þegar pund jafngildi 496 grömmum, var únsa þar af leiðandi 31 gramm. Únsa á lyfjavog var 29,82 grömm til 1858 en 1858–1869 31,25 grömm. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 32) Ólafur Stefánsson segir únsu vera 2 lóð. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64)

vog. Árið 1683 var þyngdareiningin vog ákveðin sem 3 bismerpund = 36 pund, sem jafngildi 17,856 kg. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 32) Ólafur Stefánsson talar um norska vog, sem sé 3 bismarapund. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 64)

vægtmark (danska). Mælieining fyrir góðmálma. Vægtmark var jafngilt lødemark (danska) eða hálfu kölnarpundi og því 234 grömm. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 32)

vætt = „8 fjórðungar = 160 merkur vegnar = 1.280 aurar vagnir = 3.840 örtugir. Þessar gömlu íslensku einingar voru tengdar danska skálapundinu í verslunartaxtanum 1619 þannig: 1 vætt = 80 skálapund = 160 merkur. Vættin er því 39,68 kg sé mörkin reiknuð á 248 g, sé mörkin reiknuð á 217 g eins

og á miðöldum vegur vættin 34,72 kg.“ (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 923)

Sumarið 1867 gekk í gildi, að 100 pund væru tíu fjórðunga vætt. (*Lovsamling for Island XIX*, bls. 350–351)

Í ritinu *Reikningslist einkum handa leikmönnum* fjallar Jón Guðmundsson um:

„Silfurvigt.

1 mörk er 8 aurar eður 8 lóð.

1 eyrir er 2 lóð.

1 lóð er 4 kvintin eður ½ eyrir.

1 örtigur er ⅔ úr lóði.

1 kvintin er 4 ort.

Merk: 1. Sá er mismunur á almennri kramaravigt [verslunarvigt] og silfurvigt, að 16 merkur á kramaravog eru 17 merkur á silfurvog.

Merk: 2. Í öngvum peningum né smíðuðu silfri er hreint eður eintómt silfur heldur (nokkurt) eir [kopar] meðfram; þegar silfur er nefnt eður auðkennt, (stimplað 10 lóða) (lødigt) 12 lóða, 14 lóða, þá er sú meiningin, að í hvörri mörk þess séu 10, 12, 14 lóð púra [hreins] silfurs en 6, 4, 2 lóð kopars; í dönskum spesíum heilum og hálfum er 13⅓ lóða silfur, í smærri peningum, gömlum krónum og þýskum gömlum spesíum er það miklu lakara.“

(Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls. 74)

Verðreikningur

eyrir = 6 álnir vaðmáls = $\frac{1}{8}$ úr mörk. (Jakob Benediktsson, „Öre“. *Kulturhistorisk leksikon XX*, dálkur 718) Eyrir = 3 örtigir.

hundrað = 20 aurar = 120 álnir (upphaflega vaðmál).

hundrað í fiskatali (landaurareikningur) = 6 vættir = 240 (gildir) fiskar. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 925) Samkvæmt verslunartaxtanum frá árinu 1619 voru 3 vættir af góðum, þurrum harðfiski = 1 hundrað (120) fiskar, þ.e. 40 fiskar í vætt. (*Lovsamling for Island I*, bls. 184, 1. liður) Sama verðlag var hjá Ólafi Stefánssyni árið 1785. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 63)

„Þetta íslenska verðeiningakerfi var við lýði frá miðöldum fram á 20. öld, kallað landaurar. Hundrað jafngildi kúgildi, þ.e. miðaldra, gallalausri kú að vori eða sex ám loðnum og lembdum í fardögum. [Kýr voru fullgildar frá því að þær höfðu borið tveimur kálfum (að öðrum kálfi) en síðast 8 vetra. (*Búalög. Verðlag á Íslandi á 12.–19. öld*. Bókarauki með *Árbók landbúnaðarins* 1966, bls. 26, 28–29)] Peningagildi landaura var breytilegt og ágreiningur uppi á 18. öld og lengur um hvernig reikna skyldi. Um 1700 jafngildi hundrað 5 spesíudölum og 8 dölum í krónumynt. Samkvæmt hlutföllum sem komið var á um 1752 voru 5 rd. og 60 sk. kúr<ant> í hundraðinu eða 90 sk. kúr<ant> í vættinni. Er þetta gengi notað til að meta landaura til danskra peninga á 18. öld. [Hér síðar má sjá mat, sem Ólafur Stefánsson gaf upp árið 1785: 1) Fiskatalsreikningur. 2) Landaura- og álnareikningur. 3) Peningatal á landsvísu. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 63)] Árið 1818 var farið að semja verðlagsskrár árlega sem sýndu gangverð í peningum á öllum landaurategundum (vörum, búpeningi og verkum) sem gengu kaupum og sölum, meðalverð á einni alin í einstökum vöruflokkum og „meðalverð alla meðalverða“, sem var óvegið meðaltal vöruflokkanna. — Jarðir voru einnig metnar í hundruðum. Meðaljörð var talin 20 hundruð og átti hún að geta framfleytt 20 kúa eða 120 kinda bústofni.“ (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 925)

Um innanlandsverðlag á Íslandi á 19. öld og fram á þá tuttugu sjá: Magnús S. Magnússon, *Landauraverð á Íslandi 1817–1962. Þróun og landshlutadreifing á verðlagi búfjár, innlendra afurða og launa*

samkvæmt árlegum verðlagsskrám. Reykjavík 2003. — Safn af verðlagsskrám úr öllum ömtum má finna í biskupsskjalasafni í Þjóðskjalasafni Íslands, Norður- og Austuramtið 1816–1876, Suður- og Vesturömt 1818–1895. (ÞÍ. Skjalasafn biskups yfir Íslandi. Bps. C.VI, 327c) Þá ættu þær að finnast í skjalasöfnum stiftamtmanns og amtmanna eftir 1818, nema úr Norður- og Austuramti til ársins 1874, því að þá brann amtmannsstofan á Möðruvöllum (Friðriksgáfa). Væntanlega eru prentaðar verðlagsskrár í Landsbókasafni – Háskólabókasafni.

Fiskatalsreikningur Ólafs Stefánssonar árið 1785: (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 63)

1 lest er 30 vættir, 10 hundruð eður 1.200 fiskar.

1 hundrað fiskar eru 3 vættir eður 120 fiskar.

1 vætt er 40 fiskar eður 8 fjórðungar.

1 fjórðungur er 20 merkur eður 5 fiskar.

1 fiskur er 4 merkur eður $2\frac{1}{4}$ skildingur.

Landaura- og álnareikningur Ólafs Stefánssonar árið 1785: (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 63) 1 hundrað hundraða er 675 ríkisdalir kúrant, þegar hvert hundrað er reiknað á 5 ríkisdali kúrant og 60 skildinga en reiknast ella almennt á 480 ríkisdali í krónum. [Hér er væntanlega miðað við gengi kúrants í landaurakerfinu um 1785, en gengi myntar gagnvart landaurum breyttist í tímans rás.]

1 hundrað er 20 aurar eður 120 álnir.

1 eyrir er 6 álnir.

1 alin er 2 fiskar, þegar 30 álnir eður 5 aurar reiknast fyrir 60 fiska.

Annars reiknast 30 álnir á 48 fiska eður 1 ríkisdal í spesíu og eins 30 álnir á $45\frac{1}{3}$ fiska eður 1 ríkisdal í krónum.

1 mörk er 8 aurar, 48 álnir eður 96 fiskar.

Peningaverð á landsvísu samkvæmt Ólafi Stefánssyni 1785: (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 63)
1 ríkisdalur spesíe og krónu er 30 álnir.

1 króna eður sléttur dalur í krónum 20 álnir.

hálf króna eða hálfur sléttur dalur í krónum 10 álnir.

Í sakeyri skal taka 1 ríkisdal spesíe fyrir 36 álnir eður 72 fiska eftir stóradómi.

Landaauraverðlag Jóns Guðmundssonar árið 1841 var með þessum hætti: (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls. 74–76)

Hundrað hundraða eður 120 hundruð, hdr. eður hundrað, 6 vættir á landsvísu eður 12 fjórðungar eður 20 aurar eður 120 álnir eður 240 fiskar.

1 vætt á landsvísu er 2 fjórð. á landsvísu eður 20 álnir eður 40 fiskar.

1 fjórð. er 10 álnir eður 20 fisk.

1 eyrir er 6 álnir eður 12 fsk. [fiskar]

1 alin er 2 fiskar.

1 fiskur eður fiskvirði er 1 mörk vegin, af smjöri, ullu eða tólk [tólgl]. Því er:

1 fjórð. (vegin) af smjöri, ullu eða tólk á við 20 fiska á landsvísu. En:

1 fjórð. af fiski veginn er á við 5 fiska á landsvísu. Því er:

1 vætt fiska (vegin) eður 8 fjórð. eður 80 fiskar eður 2 fjórð. á landsvísu. Og

1 fiskvirði (á landsvísu) í fiski er 2 pd. eður 4 merkur að vigt.

1 hdr. í jörðu, eður fasteignarhundrað, er 120 álnir.

Merk: 1. Um verðlag á fríðu [kvikfé] og öðrum gjaldgengum

aurum, talið til hundraða á landsvísu, sjá verðlagsskrárnar (kapítulstaxtana) sem amtmennirnir láta ganga á prent árlega.

Merk: 2. Vestanlands víðast eru jarðargjöld og aðrar skuldalúkningar taldar til vætta og fiska á landsvísu, líklega af því þar er meiri fiskur en hér eystra, hér eru þar á mót jarðargjöld og önnur útsvör talin til fjórðunga, álna og fiska, því hér er helst landaurar og fríða [kvikfé] til skuldalúkninga. Þegar því vestanlands er vætt nefnd til útsvars, mun oftast með því meint 40 fiskar eður 20 álnir á landsvísu, en sé austanlands nefnt vættargjald, meinast með því 8 fjórð. á landsvísu eður 80 álnir. Til þess að afvenda [koma í veg fyrir] misskilningi í þessu efni verður hér eftir í bókinni ætíð þess getið, hvört meint er til vættar á landsvísu 20 áln. eður vættar að vigt eður í fiski = 8 fjórð. að vigt.

lóð silfurs. Sektargjöld miðuðust gjarnan við lóð silfurs. Eitt lóð silfurs var 14,7 grömm samkvæmt danskri silfurvog 1683–1873. (<https://denstoredanske.lex.dk/metrologi>) Ekki hefur verið kannað nánar, hvað peningaverðgildið hefur verið. Í kansellíbréfi til stiftmtmanns 8. júlí 1806 segir, að ágreiningur hafi verið um það á Íslandi, hvernig eigi að reikna slíkar bætur. Segir því, að eitt lóð silfurs skuli á Íslandi reikna sem 48 skildinga kúrant eins og venja sé í Danmörku. (*Lovsamling for Island VII*, bls. 82)

vætt, vegin, af hertum fiski = 2 fjórðungar smjörs = 20 álnir (á landsvísu). (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 925)

örtugur = $\frac{1}{3}$ eyrir = 20 veginir peningar. Örtugur virðist lítt eða ekki hafa verið notaður á Íslandi, því að mótuð mynt þekkist þar lítt. (Jakob Benediktsson, „Örtug“. *Kulturhistorisk leksikon XXI*, 19. dálkur) Magnús Már Lárusson segir veginn örtug vera 9,041 grömm en mældan 10,85 grömm. (Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, bls. 243)





РІ. Fjaðurpenni.

Fjöldatölur

balli (danska: balle), magneining fyrir pappír = 10 rís = 200 bækur = 4.800 arkir skrifpappírs eða 5.000 arkir prentpappírs. (*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, bls. 94; Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 16)

bók (danska: bog), magneining fyrir pappír = 24 arkir skrifpappírs eða 25 arkir prentpappírs, 20 bækur eru 1 rís. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 16)

deger / dægge (danska). Fjöldaeyning, einkum fyrir húðir og skinn. Deger var 10 stykki. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 16)

dúsín (danska: dusin), fjöldaeyning = tylft, 12 stykki. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 17)

gross (danska: gros), fjöldaeyning = stórtylft = 12 tylftir / dúsín = 144 stykki. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 19)

kista (danska: kiste), fjöldaeyning = 120 gluggarúður eða 225 plötur dósablikk. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 21)

rís (danska: ris), magneining fyrir pappír = 20 bækur = 480 arkir skrifpappír eða 500 arkir prentpappír. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 28)

skok (danska), fjöldaeyning = 60 stykki = 3 sneis / snes. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 29)

sneis / snes (danska), fjöldaeyning = 20 stykki. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 31)

tylft (danska: tylt, tylvt), fjöldatala = 12 stykki. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 31)

örk (danska: ark), talningareining fyrir pappír. Pappírsarkir voru í mörgum mismunandi stærðum, t.d. 30–40 sm á aðra hlið og 40–50 sm á hina hliðina. Skrifpappír mátti ekki drekka í sig of mikið blek og var því límdur eftir framleiðslu, andstætt prentpappír. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 16)



ÞÍ. Reykholt í Reykholtssdal. BC/6 1894–1914 og ÞÍ Reykholt
í Reykholtssdal. BA/1 1664–1788. Bækur í 4to og 8vo broti.

Bókastærðir / pappírsform

duodecima (latína), bókarstærð. Tólflöðungur. Duodecimbrot tákna, að pappírsörkin er brotin saman fjórum sinnum og verða því tólf blöð úr örkinni. Bók í duodecimbroti verður hálf að stærð miðað við bók í oktavóbroti úr sömu pappírsarkarstærð. Föst duodecimastærð verður ekki gefin upp vegna misjafnra pappírsarkastærða.

fólíó (danska: folio), bókarstærð. Fólíóbrot tákna, að pappírörkin er brotin saman aðeins einu sinni og verða því tvö blöð úr örkinni. Ekki er hægt að gefa upp fasta fólíóstærð, því að pappírsarkir voru misstórar. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 18–19)

kvartó (danska: kvart), bókarstærð. Kvartóbrot tákna, að pappírsörkin er brotin saman tvisvar sinnum og verða því fjögur blöð úr örkinni. Bók í kvartóbroti verður hálf að stærð miðað við bók í fólíóbroti úr sömu pappírsarkarstærð. Föst kvartóstærð verður ekki gefin upp vegna misjafnrar stærðar pappírsarka. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 23)

oktavó (danska: oktav), bókarstærð. Oktavóbrot tákna, að pappírsörkin er brotin saman þrisvar sinnum og verða því átta blöð úr örkinni. Bók í oktavóbroti verður hálf að stærð miðað við bók í kvartóbroti úr sömu pappírsarkarstærð. Föst oktavóstærð verður ekki gefin upp vegna misjafnra pappírsarkastærða. (Poul Thestrup, *Pund og alen*, bls. 27)



Þjóðminjasafn Íslands. 13571/1946-79. Peningar og veski
úr fórum Rasmus Christian Rask.

Gjaldmiðlar og mynt

Danska myntkerfið komst á fastan fót eftir 1541 og varð:

12 penningar = 1 skildingur;

16 skildingar = 1 mark,

3 mörk (6 mörk frá 1624) = 1 dalur.

Einnig voru í notkun hollenskar og miðevrópskar myntir frá því um 1550 þangað til eftir 1660.

Árið 1618 var tekin upp krónumynt, oft kölluð sléttur dalur. Fjögur mörk voru í krónu (16 skildingar í marki). Sléttur dalur var $\frac{3}{4}$ af ríkisdal, sem seinna kallaðist ríkisdalur spesía eða spesíudalur. Krónan, slétti dalurinn, varð aðalmyntin eftir 1650. Silfurnámur fundust í Kónsbergi í Noregi árið 1623, sem urðu tilefni til aukinnar myntframleiðslu.

Kúrantmynt tók við af krónumynt árið 1692 og má gera ráð fyrir, að kúrantmyntin hafi verið notuð sem reikningseining í viðskiptum á síðari hluta 18. aldar. Í kúrantmyntsláttu voru 8, 12 og 24 skildingar.

Aðal mynteiningin í kúrantkerfinu var 24 skildingar, einnig kölluð ríkisort (rigsort). (Poul Thestrup, *Mark og skilling, kroner og øre*, bls. 7–9)

Í myntkerfinu danska var orðið ort oftast notað í samsetningunni ortsdalur, sem jafngilti $\frac{1}{4}$ úr ríkisdal eða 24 skildingum. Myntin ort var slegin í Danmörku/Noregi á árunum 1731–1788 og kallaðist ríkisort. (<https://denstoredanske.lex.dk/ort>)

Silfurskírleiki í krónumynt var 671‰ en í kúrantmynt yfirleitt 562‰. (<https://denstoredanske.lex.dk/kurant>)

Ákveðið var í konungsúrskurði um Innréttingarnar 20. mars 1753, að kúrantmynt skyldi gilda á Íslandi: 1 rd. og 12 sk. kúrant væru jafngildir 1 spesíudal og 1 rd. og 6 sk. kúrant jafngildir 1 krónudal/krónuríkisdal. (*Lovsamling for Island III*, bls. 146–159, sjá fyrst og fremst bls. 158)

Bankahrun(Statsbankeroten) varð í danska ríkinu í Napóleonsstyrjöldunum. Nýtt gjaldmiðilskerfi var tekið upp í Danmörku með tilskipun 5. janúar 1813, það gildi ekki á Íslandi fyrr en með tilskipun 20. mars 1815. (*Lovsamling for Island VII*, bls. 452, 525–538, íslensk gerð bls. 532–538) Aðalmyntin varð ríkisbankadalur,

hálfvirði hins gamla ríkisdals. (<https://denstoredanske.lex.dk/rigsbankdaler>)

Myntkerfisbreyting varð í Danmörku árið 1854 og ríkisdalur kom í stað ríkisbankadals og var eiginlega hálfvirði hins eiginlega dals. Spesía kallaðist eftir það tvídalur (Dobbeltrigsdaler). (*Lovsamling for Island XV*, bls. 577–579, 629–630; <https://denstoredanske.lex.dk/daler>)

Ekki mun hafa verið gert mikið af því að slá dali sem mynt í Danmörku og Noregi. Sem myntkölluðust þeir spesíudalir í Danmörku á 18. og 19. öld. (<https://denstoredanske.lex.dk/daler>) Kúrantdalir voru eingöngu slegnir sem mynteining árið 1788, silfurskírleiki 877‰. (<https://denstoredanske.lex.dk/kurant>)

Peningaseðlar voru í notkun í Danmörku á árunum 1713–1729 og árið 1736 fékk Kúrantbankinn leyfi til þess að gera peningaseðla. Slíkir seðlar hafa síðan verið í notkun í Danmörku. Á Íslandi gengu bankaseðlar (Bancosedler) í gildi með tilskipun 22. apríl 1778, einkum eins og fimm ríkisdalaseðlar, og skyldu hafa íslenska áritun. (*Lovsamling for Island IV*, bls. 439–442) Í tilskipun um íslenska verslun og siglingar 13. júní 1787 sagði, að Íslendingar væru ekki skyldugir til þess að taka við greiðslu í bankaseðlum, sem ekki hefðu íslenska áritun. (*Lovsamling for Island V*, bls. 444, 16. grein)

Gullmyntir voru slegnar í Danmörku á 16. og 19. öld, t.d. christian d'or og frederik d'or, sem yfirleitt féllu ekki inn í myntkerfið.

Stiftamtmaður og rentukammer leyfðu með auglýsingu 18. júlí 1823 og bréfi 10. maí 1828, að nokkrar erlendar myntir væru teknar til greiðslu í Jarðabókarsjóðinn og ákváðu gildi þeirra í danskri mynt. (*Lovsamling for Island VIII*, bls. 454–455; *Lovsamling for Island IX*, bls. 298–299)

Jón Guðmundsson, þá umboðsmaður Kirkjubæjarklausturs, síðar ritstjóri Þjóðólfs, samdi ritið *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, sem gefið var út í Viðey árið 1841. Þar fjallaði

hann um verðgildi silfurmyntar á Íslandi á þeim tíma og nefndi neðanmáls ýmsar erlendar myntir, sem lengi hefðu gengið manna á milli á Íslandi og heimilt væri að taka í kongungsfjárhirluna upp í opinberar tekjur, uppbótarlaust. Einnig nefndi hann ýmsa þýska dali með íslenskum nöfnum, sem ekki væru gjaldgengir fullu verði. (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*. Viðey 1841, bls. 71–73)

Myntbreyting var ákveðin í Danmörku með lögum 23. maí 1873, sem birt voru á Íslandi með konunglegri auglýsingu 25. september sama ár. Hún tók gildi 1. janúar 1875. (*Lovsamling for Island XXI*, bls. 682–699, 839–840; *Tíðindi um stjórnmálefni Íslands III*, bls. 666–675) Gull skyldi verða undirstaða í peningareikningi en jafnframt hafa silfur og lakari málma til smápeninga. Þá voru teknar upp krónur og aurar í stað ríkisdals, marka og skildinga. Ríkisdalur varð að tveimur krónum.

alba, mynt (danska: hvid) = hvítingur / hvítur = $\frac{1}{2}$ úr skilingi. Silfurmynt sem var slegin í Lübeck frá því um 1365 og breiddist út til Hansastaðanna og varð algeng í Danmörku. Slegin síðast í Kaupmannahöfn árið 1686. (<https://denstoredanske.lex.dk/hvid>)

Concordíudalur. Hollenskur silfurdúkatur með áletruninni CONCORDIA – RES PARVÆ – CRESCUNT. (<https://coinscatalog.net/netherlands/coin-silver-1-ducaton-armored-knight-km-90-1-decimal-coinage>) Orðið var líka haft um hollenska þriggja gyllina peninga, sem einnig voru kallaðir einfætlingar. (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls. 72, neðanmáls.)

dúkatur. Gullmynt með gullinnihald u.þ.b. 3,5 grömm. Upprunninn í Feneyjum 1284/1285. Notaður í Danmörku frá miðri 16. öld til upphafs 19. aldar, síðast sleginn 1802. Varð þó aldrei hluti af almennu dönsku myntkerfi. (<https://denstoredanske.lex.dk/dukat>) Ólafur Stefánsson segir árið 1785, að 1 speiudúkatur gildi stundum meir en aldrei minna en 2 ríkisdali, 2 mörk og 8 skildinga kúrant, 1 kúrantdúkatur jafngildi 2 kúrantríkisdölum. (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 61.)

einfætlingur. Orð haft um hollenska þriggja gyllina peninga, sem einnig voru kallaðir Concordíudalir. (Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum*, bls. 72, neðanmáls.)

hvítingur / hvítur (danska: hvid), mynt = $\frac{1}{2}$ úr skilingi. Sjá *alba*.

króna. Krónumynt var tekin upp í Danmörku árið 1618 og var slegin sem 4 mörk, oft nefnd sléttur dalur (danska: slet daler), lengstum á 17. öld. Fundur silfurnámanna í Kóngsbergi í Noregi varð tilefni aukinnar myntsláttu. Kúrantmyntsláttan tók við af krónusláttunni árið 1692 og varð ráðandi á fyrri hluta 18. aldar. (https://denstoredanske.lex.dk/mark_-_penge_og_montenhed; Poul Thestrup, *Mark og skilling, kroner og øre*, bls. 7–8.)

kúrant. Kúrantmyntfótur var tekinn upp í Danmörku árið 1692 og næstu áratugi voru áttaskildingar mikið slegnir. Kúrantmyntin var ríkjandi á 18. öld, m.a. vegna sláttu á 24 skildingum eða ortsdölum/ríkisortum. Seðlaútgáfa kúrantbankans, sem stofnaður var 1736, hófst árið 1737 og kallaðist kúrantseðlar (danska: daler kurant). Hlutfallið milli dals í seðlum annars vegar frá kúrantbankaum og hins vegar Den Dansk-Norske Speciesbank, sem varð til 1791, var yfirleitt 5:4 á árunum 1791–1807. Verðbólgan í stríði Dana við Englendinga á árunum 1807–1814 varð til þess, að kúrantmyntin kolféll við hrun Speiubankans árið 1813. Sama ár var hætt við kúrantmyntfótin og Rigsbanken varð til. (<https://denstoredanske.lex.dk/kurant>; https://denstoredanske.lex.dk/bankvaesen_-_dansk_bankvaesen)

mark. Mynt, sem notuð var í Norður-Evrópu. Frá upphafi 15. aldar var í Danmörku fylgt lýbskum mynttreikningi, þar voru 192 peningar í 1 marki eða 12 skildingar og 16 peningar í skilingi. Tvö dönsk mörk jafngiltu venjulega einu lýbsku marki. Fyrsta norræna markmyntsláttan hófst árið 1514. Ávallt voru eftir það 16 skildingar í marki. Frá árinu 1541 voru 3 mörk í einum dal en frá 1625 voru 6 mörk í einum dal, þó aðeins 4 mörk í sléttum dal. Mark var síðast slegið í Danmörku árið 1858 og lagt niður árið 1875. (https://denstoredanske.lex.dk/mark_-_penge_og_montenhed)

peningur (danska: penning), mynt, sem hvarf á 17. öld = $\frac{1}{12}$ úr skilingi. Algengasta myntin í Danmörku á miðöldum, síðast slegin 1602. (<https://denstoredanske.lex.dk/penning>) Tákn fyrir pening mun runnið frá denar / denarius (latína). (Knut Johannessen, *Den glemte skriften*. Oslo 2007, bls. 215, sjá: Fortkortelser i forbindelse med mynt, mål og vekt)

ríkisdalur. Gjaldmiðill tekinn upp í Danmörku á 16. öld og gildi einnig á Íslandi, lagður niður árið 1875 og króna tók við, ríkisdalur varð þá að tveimur krónum. 1 ríkisdalur = 6 mörk = 96 skildingar. Kúrantríkisdali skyldi nota í viðskiptum frá árinu 1753, en myntirnar voru um skeið þrjár: ríkisdalur í kúrantmynt = 96 skildingar, ríkisdalur í krónumynt = 102 skildingar, ríkisdalur í spesíumynt = 108 ríkisdalir. Nefndist ríkisbankadalur 1813–1854 (eftir ríkisgjaldþrot og endurskipulagningu), en ríkisdalur 1854–1875, þegar nýtt myntkerfi var tekið upp og krónur og aurar tóku við. (Poul Thestrup, *Mark og skilling, kroner og øre*, bls. 7, 15; <https://denstoredanske.lex.dk/daler>)

ríkisbankadalur (danska: rigsbankdaler), skammstafað rbd. eða rbdl., mynteining, notuð í stað ríkisdals árin 1813–1854 = 6 mörk = 96 skildingar. Kallaðist ríkisdalur á árunum 1854–1873. (<https://denstoredanske.lex.dk/rigsbankdaler>) Silfurinnihaldið var 12,64 grömm, helmingi minna en í fyrra ríkisdal. Spesíudalur gildi tvöfalt meir en ríkisbankadalir. Voru þannig til ríkisbankadalir í „reiðu silfri / rede sølv“, ríkisbankadalir silfurvirði og ríkisbankadalir í seðlum, sem höfðu mismunandi gildi. Frá árinu 1837 voru allar tegundirnar jafngildar. (<https://arkivet.thorvaldsensmuseum.dk/artikler/moentenheder>)

ríkisort (danska: rigsort, skammstafað rort) = 24 skildingar kúrant. Orðið ort hafði merkinguna fjórði hluti og var einkum notað um fjórðung úr dal/ríkisdal. Árið 1731 var í Danmörku tekinn upp ortsdalur ($\frac{1}{4}$ kúrantdals eða 24 skildingar kúrant) og kallaðist ríkisort. Myntin var slegin í Danmörku/Noregi á árunum 1731–1788. (<https://www.danskmoent.dk/ort.htm>; <https://denstoredanske.lex.dk/ort>)

skildingur (danska: skilling). Upphaflega aðeins reikningseining fyrir 12 peninga. Sleginn fyrst sem silfurmynt rétt fyrir miðja 15. öld. Í Danmörku var síðasti einskildingurinn sleginn 1872, fyrskildingurinn til 1874. Skildingur var ein mikilvægasta mynteiningin frá 16. öld til 19. aldar. (<https://denstoredanske.lex.dk/skilling>) Skildingar voru grunneiningar í myntkerfinu, 16 skildingar gerðu 1 mark, en fjöldi skilinga var mismunandi í ríkisdal í kúrantmynt, krónumynt eða spesíumynt.

sléttur dalur (danska: slet daler). Helsta gangmyntin í Danmörku á síðari hluta 17. aldar og fram á þá átjándu var króna og kallaðist sléttur dalur en króna var fjögur mörk, 16

skildingar í marki. (Poul Thestrup, *Mark og skilling, kroner og øre*, bls. 7–8)

spesía (danska: speciedaler). Spesíudalur var eitt myntstykki, andstætt dölum í smámynt. Gildi kúrantdals var $\frac{1}{4}$ spesíudalur en ríkisbankadals $\frac{1}{2}$ spesíudalur. Heitið spesíudalur var notað á síðari hluta 18. aldar og árin 1819–1853 var orðið spesía (danska species) notað um myntir sem samsvöruðu gömlu ríkisdölunum. Á árunum 1813–1873 reiknaðist spesíudalur í Danmörku sem 2 ríkisbankadalir (= 192 skildingar). (<https://denstoredanske.lex.dk/speciedaler>; <https://denstoredanske.lex.dk/daler>)

söslingur (danska: søsling) = $\frac{1}{2}$ skildingur. Síðast sleginn árið 1651 og þá úr kopar, áður venjulega úr silfri. (<https://denstoredanske.lex.dk/søsling>; <https://denstoredanske.lex.dk/skilling>)

Í ritinu *Stutt undirvísun í reikningslistinni og algebra* eftir Ólaf Stefánsson, síðar stiftamtmannt, sem gefið var út árið 1785, er yfirlit yfir peningavirði í mynt og fiskatali, sem hér fer á eftir, að vísu nokkuð stytta á köflum.

Dönsk mynt og peningatal

(Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 61–62)

1 spesíu dúkatur gildir stundum meir en aldrei minna en 2 rd., 2 mörk, 8 sk. kúrant.

1 kúrant dúkatur gildir á við 2 rd. kúrant.

1 tvöföld króna <gildir> við 8 mörk krónu eða 136 sk.

1 ný spesía <gildir> við 1 rd. kúrant, 22 skilinga eður 118 skilinga.

1 gömul spesía gildir 1 rd. kúrant og 12 skilinga eður 108 skilinga.

1 nýtt spesíu mark <gildir> 19 $\frac{1}{3}$ skilinga.

1 gamalt spesíu mark <gildir> 18 skilinga.

1 rd. krónur er 1 rd. kúrant og 6 skildingar eður 102 skildingar.

1 mark krónur eru 17 skillingar.

1 rd. kúrant <er> 6 mörk eður 96 skillingar.

1 mark kúrant er 16 skillingar.

1 ríkisort kúrant er 24 skillingar.

1 skillingur er $\frac{1}{16}$ partur úr kúrant marki, 3 hvítingar eður 12 peningar.

1 peningur er 12 partur úr skilingi.

1 hvítingur er þriðji partur úr skilingi.

1 fyrk eður sösling er $\frac{1}{2}$ skillingur.

1 tunna gulls er 100.000 rd.

10 tunnur gulls er 1 milljón eður 1.000.000 rd.

Þegar menn láta 4ra vera í kasti af kúrantmynt, sem skjótast er og brúkanlegast þá peningar eru taldir, þar til 10 ríkisdala: [Kast (danska): „Þeir peningar (optast nær 4) sem maður varpar úr hendi sjer í hvert sinn þegar maður er að telja peninga: Tolv k<ast> i toskillinger (þ.e. 48 tvískillingar).“ (Konráð Gíslason, *Dönsk orðabók með íslenskum þýðingum*. Kaupmannahöfn 1851, bls. 235)]

120 köst af 2 skillingum.

60 köst af 4 skillingum.

30 köst af 8 skillingum.

24 köst af 10 skillingum.

16 köst af 15 skillingum.

10 köst af 24 skillingum eður ríkisortum.

Peningar til fiskatals reiknaðir (Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvísun*, bls. 62–63)

1 gamall ríkisdalur í spesíu er 48 fiskar.

1 mark í spesíu er 8 fiskar.

1 ríkisdalur krónur $45\frac{1}{2}$ fiskar.



1 króna eður 4 mörk 30% fiskar.

$\frac{1}{4}$ krónu eður 1 mark krónur er 7% fiskar.

1 rd. kúrant er $42\frac{2}{3}$ fiskar.

1 mark kúrant er 7% fiskar.

1 ríkisort kúrant er 10% fiskar.



Heimildir

Óprentaðar:

ÞÍ. Rentukammer (Rtk.) B01/25-1. Greinargerð um verslunarvörur í Grundarfirði, 21. sept. 1753.

ÞÍ. Skjalasafn biskups yfir Íslandi. Bps. C. VI, 327c.

ÞÍ. Fjármálaráðuneytið 1935–007. Fasteignamat 1916–1918. AA/15–1, 2.

Prentaðar:

Alþingisbækur Íslands XVI. Reykjavík 1986.

Árbók landbúnaðarins 1966. Bókarauki: Búalög. Verðlag á Íslandi á 12.–19. öld. Arnór Sigurjónsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1966.

Búalög eður verðlag fornt og nýtt á flestum þeim hlutum, sem seljast og kaupast á Íslandi, með reglum um íslenskan búskap. Hrapsey 1775.

Gísli Gestsson, „Álnir og kvarðar“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1968, bls. 45–78.

Gunnar Karlsson, *Inngangur að miðöldum. Handbók í íslenskri miðaldasögu I*. Reykjavík 2007.

Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland. Ritstjórar: Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. Reykjavík 1997.

Halldór Guðmundsson, *Nákvæm lýsing á peningum, vigt, máli og fl. í Danaveldi og nokkrum öðrum ríkjum.* Reykjavík 1850.

Íslensk orðabók. Ritstjóri: Möður Árnason. Reykjavík 2002.

Johannessen, *Knut, Den glemte skriften. Gotisk håndskrift i Norge.* Oslo 2007.

Jón Guðmundsson, *Reikningslist einkum handa leikmönnum.* Viðey 1841.

Konráð Gíslason, *Dönsk orðabók með íslenskum þýðingum.* Kaupmannahöfn 1851.

Kristín Bjarnadóttir, „Stutt Undirvisun í Reikningslistinni og Algebra. Leitað höfundar“, *Skírnir* 189 (haust 2015), bls. 532–547.

Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid IV, XX og XXI. Ísl. red. Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson. Reykjavík 1959, 1976 og 1977.

Lovsamling for Island I–XXI. Samlet og udgivet af Oddgeir Stephensen, Jón Sigurðsson, Hilmar Stephensen og Ólafur Halldórsson. Kiöbenhavn 1853–1889.

Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, *Skírnir* CXXXII (1958), bls. 208–245.

Magnús S. Magnússon, *Landauraverð á Íslandi 1817–1962. Þróun og landshlutadreifing á verðlagi búfjár, innlendra afurða og launa samkvæmt árlegum verðlagsskrám.* Reykjavík 2003.

Ólafur Olavíus, *Greinileg vegleiðsla til talnalistarinnar með fjórum höfuðgreinum hennar og þriggja liða reglu, skipuð eftir landsvísu og kauplögum Íslendinga.* Kaupmannahöfn 1780.

Ólafur Stefánsson, *Stutt undirvisun í reikningslistinni og algebra.* Kaupmannahöfn 1785.

Páll Vídalín, *Skýringar yfir fornryrði lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast.* Reykjavík 1854.

Rasmussen, Poul, *Mål og vægt.* København 1975.

Sigfús Blöndal, *Íslensk-dönsk orðabók.* Reykjavík 1920–1924.

Sigfús Blöndal, *Íslensk-dönsk orðabók.* Viðbætur. Reykjavík 1963.

S(igurður) B(rynjólffsson) Sívertsen, *Stuttur leiðarvísir í reikningi.* Reykjavík 1854; <http://www.svavarsson.is/fornar-islenskar-maelieiningar-til-sjos/>, sótt 24. október 2022.

Spangenberg, Johann, *Catechismus, Sönn, Einföld og lios Vtskyring Christelega Fræða.* Hólum 1610.

Stjórnatíðindi 1907 A og 1909 A.

Thestrup, Poul, *Mark og skilling, kroner og øre. Pengeenheder priser og lønninger i Danmark i 350 år (1640–1989)*. København 1991, sjå: https://bodilogniels.dk/bog_scanninger/mark_skilling_kroner_ore.pdf;

Thestrup, Poul, *Pund og alen. Danske mål- og vægtenheder fra 1683-reformen til idag*. Rigsarkivet 1991, sjå: <https://www.sa.dk/ao-soegesider/da/billedviser?epid=18484782#237440,45153918>;

Tíðindi um stjórnmálefni Íslands III. Kaupmannahöfn 1875.

Vefsíður:

<https://denstoredanske.lex.dk>

https://denstoredanske.lex.dk/dansk_møntvæsen

<https://denstoredanske.lex.dk/ort>

<https://denstoredanske.lex.dk/rigsbankdaler>

<https://denstoredanske.lex.dk/speciedaler>

<https://denstoredanske.lex.dk/daler>

<https://denstoredanske.lex.dk/krone>

<https://denstoredanske.lex.dk/kurant>

<https://denstoredanske.lex.dk/mark>

<https://arkivet.thorvaldsensmuseum.dk/artikler/moentenheder>

Staxtenz

Ennir gálflokkar	14 alna	40
Ennir gálflokkar	12 alna	30
Ennir lítli gálflokkar	10 alna	20
Ennir ar	10 alna	12
Ennir ar	8 alna	10
Ennir ar	6 alna	6
Ennir gott grennbord		10
Ennir ljettara bord		8
Ennir bænja		3
Ennir góðr hallmánsbæn		35
Ennir almannalegnr bór		15
Ennir góðr bænþbor		25
Ennir almannalegnr bænþbor		12
Ennir mæðubætur litur		24
Ennir þol þappinn		5
Ennir brota þreffi		3
Ennir þvængur alþvæðr		20
Ennir latinnr Mennilang ríflur	Ennir þinn Ennir ra. þorhl	20. 30. 40
Ennir almannalegnr þvængur		5
Ennir þinn þvængur		10
Ennir þvæna þvængur		3
Ennir góðr lögþingur lár		12
Ennir almannalegnr lár		5
Ennir lítill lár		3
Ennir þil		3
Ennir bænja		3
Ennir góðr bænþingur		8
Ennir almannalegnr bænþingur		4
Ennir lítill bænþingur		2

[illegible]

12abr fm



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS